



## Fjárhagsáætlun Strandabyggðar, 2024-2027

### Greinargerð

Sveitarstjórn Strandabyggðar leggur nú fram rekstrar- og fjárhagsáætlun ársins 2024 og næstu þriggja ára þar á eftir.

#### Rekstur sveitarfélagsins

Við gerð rekstraráætlunar sveitarfélagsins, er m.a. stuðst við staðgreiðsluáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Spá Sambandsins fyrir árið 2024 segir 330.149.759.- en þeirri áætlun ber að taka með varúð þar sem reikna má með skerðingu útvarstekna vegna lokunar Hólmadrangs. Er því gengið út frá 5% lækkun útvarstekna.

Aðrar mikilvægar forsendur við gerð rekstraráætlunarinnar eru að útsvarshlutfallið verður lækkað í 14,52% og fasteignaskattshlutfallið, lækkar einnig. Fasteignaskattur A: lækkar í 0,5% úr 0,625% og C: lækkar í 1,51% úr 1,65%. Þessi lækkun er tilkomin þar sem fjárhagsstaða sveitarfélagsins er betri en hún var þegar gengið var til samninga við innviðaráðuneytið árið 2020 um fjárhagslegan stuðning. Þessi gjaldahækkun var sett á tímabundið, til að auka tekjur sveitarfélagsins. Gjaldskrárhækkunum var almennt stillt í hóf.

Fjárhagur sveitarfélagsins hefur styrkst undanfarið sem fyrr segir, m.a. vegna stuðnings innviðaráðherra og hans ráðuneytis, en einnig vegna innri hagræðingar. Staðan er þó eftir sem áður viðkvæm.

Helstu tölur úr rekstri Strandabyggðar næstu árin eru eftirfarandi:

#### A hluti:

				A
tölur í 1000	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	1.029.199	1.076.202	1.122.712	1.170.214
Útsvar og fasteigna sk.	377.560	397.122	418.049	440.096
Jöfnunarsjóður	284.386	298.605	313.535	329.212
Aðrar tekjur	367.254	380.475	391.128	400.906
tölur í 1000	2024	2025	2026	2027
Regstrargjöld	930.900	964.671	1.000.013	1.033.215
EBITDA	98.299	111.531	122.699	136.999
Afskriftir	- 27.912	- 29.029	- 31.249	- 33.069
Fjármagnskostnaður	- 54.487	- 48.813	- 46.008	- 44.197
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>15.900</b>	<b>33.689</b>	<b>45.442</b>	<b>59.733</b>

Rétt er að taka fram, að í þessum tölum er skerðing á framlögum Jöfnunarsjóðs um kr. 73 milljónir, sem skiptist á þrjú ár frá og með 2024. Þarna er einnig 5% skerðing á útsvari vegna lokunar Hólmadrangs.

#### A og B hlutar:

Helstu tölur í rekstri Strandabyggðar, 2024-2027				A og B
tölur í 1000	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	<b>1.001.172</b>	<b>1.047.165</b>	<b>1.092.862</b>	<b>1.139.619</b>
Útsvar og fasteigna sk.	367.321	386.515	407.145	428.919
Jöfnunarsjóður	284.386	298.605	313.535	329.212
Aðrar tekjur	349.465	362.045	372.183	381.487
tölur í 1000	2024	2025	2026	2027
Regstrargjöld	<b>875.767</b>	<b>907.553</b>	<b>941.295</b>	<b>973.029</b>
EBITDA	125.405	139.612	151.567	166.589
Afskriftir	- 42.780	- 45.940	- 48.961	- 48.578
Fjármagnskostnaður	- 78.724	- 68.347	- 63.735	- 63.791
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.901</b>	<b>25.325</b>	<b>38.871</b>	<b>54.221</b>

Hér kemur fram að sveitarfélagið er rekið með hagnaði næstu fjögur ár sé horft á A og B hluta saman, þó lítið sem ekkert megi út af bregða á árinu 2024.

Hlutfall Jöfnunarsjóðs í tekjum Strandabyggðar hefur þróast með eftirfarandi hætti frá 2022 og hér er miðað við tekjur A og B hluta saman:

	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Heildartekjur	<b>879.386</b>	<b>1.060.642</b>	<b>1.152.752</b>	<b>1.142.233</b>	<b>1.190.593</b>	<b>1.239.792</b>
Hlutfall Jöfnunarsjóðs	351.259	369.171	284.386	298.605	313.535	329.212
	40%	35%	25%	26%	26%	27%

Það er í sjálfu sér jákvætt að hlutfall Jöfnunarsjóðs fari lækkandi, að því gefnu að aðrir tekjustofnar bæti upp þá lækkun.

Helstu áherslur í rekstri eru:

- Fjölgun tekjuaflandi verkefna, styrkja tekjustofna
- Skoða ný atvinnutækifæri
- Markmiðið er að halda fræðsluviði innan við 50% af heildarkostnaði
- Aukin áhersla á markaðssetningu sveitarfélagsins, upplýsingamiðlun og almenna kynningu
- Fjölgun á skrifstofu vegna undirmönnunar og álags. Að auki eru samstarfsverkefni sveitarfélagsins það mörg og umfangsmikil, að þörf er á viðbótar starfskrafti til að sinna þar margvíslegri umsýslu
- Áframhaldandi aðhald og samnýting starfsfólks og eigna.

#### Skuldir og skuldastraða

Eitt helsta viðmið hvers sveitarfélags þegar kemur að skuldastöðu, er svokallað skuldahlutfall. Hér er átt við langtímaskuldir sem hlutfall af heildartekjum. Ljóst er að því hærra sem þetta hlutfall er, þeim mun meiri óvissa ríkir um rekstur sveitarfélagsins. Ekki er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fyrir yfir 150%.

Annað mikilvægt viðmið um stöðu sveitarfélags, er veltufé frá rekstri, sem segir til um hversu mikið fjármagn starfsemi sveitarfélagsins gefur af sér, sem nýtist í að greiða afborganir lána og kostnað við fjárfestingar.

Hér má sjá þessi rekstrarlegu viðmið hjá Strandabyggð, samkvæmt áætluninni:

	2024	2025	2026	2027
Skuldahlutfall	109%	118%	117%	111%
Veltufé frá rekstri	9,90%	11%	11,00%	11,50%

Af þessari töflu má sjá að árið 2024 gæti orðið sveitarfélaginu erfitt.

### Framkvæmdir og fjárfestingar

Við áætlanagerð 2023-2026, tók sveitarstjórn þá ákvörðun, að sýna þá framkvæmdaþörf sem forstöðumenn og sveitarstjórn teldu raunverulega, í stað þess að ákveða fyrirfram að tilgreina aðeins hluta þessara framkvæmda. Með þessu vildi sveitarstjórn sýna svokallaða innviðaskuld, sem er það ástand þegar sveitarfélag nær ekki að halda innviðum og eignum sínum í horfinu. Við þær aðstæður er viðhald ekkert eða í lágmarki, sem síðan skapar framtíðarþörf fyrir miklar fjárfestingar í innviðum til að leiðrétta þessa skuld. Eignir sveitarfélagsins þarfnast viðhalds og viðgerða, langt umfram það sem telst ásættanlegt fyrir lítið sveitarfélag eins og Strandabyggð. Má þar nefna innviði eins og götur, gangstéttir, opin svæði, leikskólalóð og fasteignir sveitarfélagsins og ber þar helst að nefna grunnskólann.

Þrátt fyrir þessa framsetningu, fór árið 2023 á annan veg vegna viðgerða og endurbóta við grunnskólann á Hólmavík. Ráðist var í gagnera uppbyggingu á yngri hluta skólans og má segja að sú bygging hafi verið gerð fohheld. Helstu verkþættir voru:

- Gólf og veggir brotin upp. Sérstaklega var steypa fjarlægð þar sem mygla hafði greinst
- Húsnæðið var þurrkað með hitablásurum
- Húsnæðið var sótthreinsað af fagaðilum á því sviði
- Hiti var lagður í öll gólf og múrað yfir
- Nýjar drenlagnir (dúkar, rör og möl) voru settar utan um nær allan skólann
- Skipt var um fjölda glugga og aðrir gluggar lagaðir. Gluggar voru stækkaðir þannig að meiri birta væri í húsinu
- Breytingar á inna skipulagi voru nokkar og allar í samræmi við lög og reglugerðir um aðbúnað skólabarna í grunnskólum, endurhönnun á flóttaleiðum, bruna- og öryggiskerfum
- Fjárfest var í færanlegri kennslustofu, sem var fjármögnuð með styrk frá Fiskeldissjóði.

Þegar þetta er skrifað, á eftir að vinna m.a. eftirfarandi verkþætti:

- Málun innanhúss í yngri hluta
- Uppsetning glerhurða, og gler-milliveggja
- Uppsetning hljóðeinangrandi fellihurða til að stúka af skólstofurnar
- Lagning gólfduka
- Lagning einangrunar í loft og hljóðeinangrandi loftdúks
- Frágangur nýrra ljósa í kennslustofur og víðar
- Frágangur og uppsetning húsgagna og innanstokksmuna.

Framkvæmdir hafa gengið vel og engin stórvægileg vandamál hafa komið upp. Um verkefnisstjórn annast VERKÍS á Ísafirði og tengdir aðilar. Starfsmenn áhaldahúss, sveitarstjóri, sveitarstjórn, kennarar og skólastjórnendur, koma einnig að verkefninu. Upplýsingum hefur verið miðlað til foreldra á opnum foreldrafundi, með greinarskrifum á heimasíðu og facebook síðu sveitarfélagsins og umræðu í fræðslunefnd og á sveitarstjórnarfundum.

## Áherslur 2024

Þar sem endurbætur við grunnskólann lituðu framkvæmdir á árinu 2023, eru eðlilega eftir óunnar framkvæmdir sem færast yfir á 2024. Megin áhersla ársins 2024 verður engu að síður áfram á grunnskólann og að klára þá verkþætti sem eru eftir. Þar má nefna; frágang lóðar, loftræstikerfi, frágangur þaks og þakkants, niðurfalls o.s.frv.

Óljóst er hvort farið verður í framkvæmdir við eldri hluta skólans, en vonir standa til að takist hafi að bjarga þeim hluta líka. Þetta skýrist á vormánuðum 2024, þegar tekin verða myglusýni í eldri hlutanum.

Aðrar áherslur sveitarstjórnar eru hins vegar óbreyttar þó þær komi ekki allar til framkvæmda strax:

- Vinna áfram með og sýna raunverulega innviðaskuld
- Endurhönnun leikskólalóðar. Fyrir liggur samkomulag við verktaka um endurhönnun og uppbyggingu leikskólalóðarinnar og verður ráðist í þá framkvæmd alla á árinu 2024. Þar er um að ræða talsverða breytingu á uppbyggingu lóðarinnar
- Götur og svæði sem blasa við almenningi og ferðamönnum, skulu vera í forgangi
  - Í því sambandi var hafnarsvæðið malbikað sumarið 2023 og er það svæði nú allt annað ásýndum
  - Einnig verður horft til malbikunar gatna í tengslum við „miðbæ“ Hólmavíkur, ef svo má segja, og þar sérstaklega horft til Kópsnesbrautar
  - Þá verður malbikað í Miðtúni, enda um að ræða lokafrágang á nýrri ílög þar
  - Hugsanlega verður farið í malbikunarframkvæmdir á Skeiði, við bensinstöð Olís, en þar er unnið að hönnun þjónustusvæðis fyrir bíleigendur, með bílaþvottastöð, loftdælum, plani o.s.frv.
- Endurhanna þarf umhverfi Jakobínutúns, í ljósi fyrirhugaðrar hótélbyggingar á svæðinu. Hótél á svæðinu mun kalla á endurhönnun bílastæða og gatnakerfis við félagsheimili og íþróttamiðstöð auk svæðis á Festisreitnum (N1)
  - Þessi endurhönnun felur í sér mikið tækifæri fyrir Strandabyggð, þar sem þarna verður hægt að skipuleggja allt svæðið sem samfélags- og þjónustusvæði. Um er að ræða endurhönnun tjaldsvæða, bílastæða, endurskoðun á eðli og staðsetningu þjónustusvæða o.s.frv. Þá verður gert ráð fyrir uppbyggingu upplýsingamiðstöðvar á svæðinu.
- Hefja endurskipulagningu Sorpsamlags Strandasýslu, sem Strandbyggð á að lang stæstum hluta.

Eftirfarandi mynd sýnir helstu fjárfestingar deilda:

	24	25	26	27
<b>A hluti - Eignasjóður</b>				
Grunnskóli	45.000.000	50.000.000	50.000.000	20.000.000
Leikskóli	30.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Íþróttamiðstöð	15.000.000	20.000.000	10.000.000	5.000.000
Tjaldsvæði	2.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Félagsheimili	4.500.000	10.000.000	5.000.000	
Skrifstofa/Fasteign	3.000.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Gatnagerð	34.700.000	31.400.000	44.000.000	
Þjónustumiðstöð/Bragginn	2.150.000	7.750.000		11.300.000
Annað (HMS, réttir)	29.500.000			
<b>B hluta félög</b>				
Höfn	5.500.000	1.500.000	1.700.000	
Vatnsveita	20.000.000	22.600.000	15.000.000	5.000.000
Fráveita	26.500.000	10.000.000	10.000.000	5.000.000
Ljósleiðari	2.000.000			
Sorpsamlag	10.000.000	10.000.000	5.000.000	
<b>Samtals</b>	<b>229.850.000</b>	<b>172.750.000</b>	<b>150.200.000</b>	<b>55.800.000</b>

Nánari útlistun fjárfestinga er eftirfarandi, í grófum dráttum

#### Fjárfestingar í A hluta, 2024-2027:

- **Grunnskóli:** Áframhaldandi endurbygging, viðgerðir og frágangur á núverandi húsnæði, uppsetning loftræstikerfis, frágangur lóðar ofl.
- **Leikskóli:** Endurgerð leikskólalóðar
- **Íþróttamiðstöð:** Viðgerð á pottum, viðgerð á leka milli potta, endurnýjun á sandsíum, endurnýjun á loftræstikerfi, gluggaskipti og endurnýjun ljósa í sal, ásamt nýju stjórnkerfi
- **Tjaldsvæði:** Sjálfsafgreislutæki, þvottavél og þurkarar, hönnun og uppbygging umhverfis og frekari tjaldsvæða, aukin upplýsingamiðlun, barnaleiktæki, endurnýjun tengla og rafmagnslagna
- **Skrifstofa:** Viðhald húsnæðis
- **Félagsheimili:** Endurnýjun innihurða, þakkantur er laskaður, mála þarf þakið og bæta aðgengismál við aðalinngang
- **Gatnagerð:** Lagt er upp með framkvæmdir í eftirtöldum götum og svæðum:
  - **2024:** Miðtún, Kópnesbraut, Skeiði. Að auki er gert ráð fyrir viðgerð á gagnstéttum við Kópnesbraut og Höfðatún, eins og kostur er
  - **2025:** Skjaldbökuhlóð. Aðrar framkvæmdir eru í skoðun.
- **Annað:** Mótframlag Strandabyggðar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna íbúðarbyggingar, kr. 25.000.000.- færist til 2024 þar sem framkvæmdir hófust ekki 2023, réttarsmíði í Kollafirði kr 4.500.000..

Ljóst er að hér er um áætlun að ræða sem getur tekið breytingum.

#### Fjárfestingar í B hluta, 2024-2027:

- **Höfn:** Viðgerð á hafnarvita, lagning grjótgarðs frá viktarskúr að flotbryggju. Hluti þess kostnaðar fengist endurgreiddur. Sótt hefur verið um framlag til þessa verkefnis hjá Vegagerðinni en óljóst er um árangur
- **Vatnsveita:** Bygging dæluhúss við vatnstank og nýtt geislatæki
- **Fráveita:** Uppbygging nýs fráveitukerfis, kaup á svokölluðum „demant“ og hreinsistöð. Endurskoða þarf forgangsröðun
- **Ljósleiðari:** Engin áform fyrirbyggjandi, en gæti breyst. Eftir er að tengja einhver hús í Djúpinu.

Þessar og aðrar áherslur og verkefni má einnig sjá í eftirfarandi töflu:

Áherslur 2024						
Grunnskóli	Leikskóli	Þjónustumiðstöð	Íþróttamiðstö	Skrifstofa	Annað	Innviðaupbygging
Yngri	Ný lóð, tæki, frág.	Grjótgarður (í vinnslu)	Ný tjaldsvæði	Heimasíða	Innviðaupbygging	Brandskjól
Steypuviðgerðir og málun		Miðtún	Pottar, flísar	Sameiningarmál	HMS	Smáhúsaloðir
Loftræstikerfi		Kópnesbraut	Stjórnkerfi	Markaðs-, atvinnufulltrúi	Brunavarnir	Kópnesbraut
Steyptar tröppur á lóð		Austurtún		Fjölgun á skrifstofu	Ljósleiðari	Kópnesbraut/brattabrekka
Frágangur lóðar		Perur í geislataeki				Jakóbínutún og nærumhverfi
Varmadælur						Réttarsmiði í Kollafirði
Þak, þakkantur						Ný tjaldsvæði
Rampur við kjallara						

### Slökkvilið – þátttaka í Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda

Erfitt er að ákveða frekari fjárfestingar hjá Slökkviliði á þessum tímamarki, en þó er ljóst að þær verða einhverjar árin 2024-2027. Alltaf er t.d. undið að endurnýjum búninga.

Líklegt er að farið verði í endurskipulagningu á samstarfi um Brunavarnir Stranda, Reykhóla og Dalabyggðar á árinu 2024. Hvert sveitarfélag mun þó áfram reka sín slökkvilið.

### Sorpsamslag Strandasýslu:

Innleiðing á lagabreytingu í sorphirðu- og urðunarmálum er hafin og ljóst að þessu fylgja breytingar og fjárfestingar í búnaði, mannafla og þekkingu, auk þess sem innheimta fyrir losun verður virkjuð á árinu 2024. Framundan er því lokun svæðisins þannig að aðkoma verði einungis heimiluð á opnunartíma, auk þess sem innheimta fyrir losun hefst. Fjárfest verður í sorphirðukerfi, sem annað hvort verður í formi fjölgunar tunna við hvert hús, eða svokallaðra botnlangastöðva. Almenn markaðssetning verður aukin.

### Niðurlag:

Sú áætlun sem hér er kynnt, byggir á fjölda gagna, vinnufunda sveitarstjórnar, samskipta við forstöðumenn, heimsóknna á starfsstöðvar sveitarfélagsins og innri vinnu skrifstofustjóra, sveitarstjóra og endurskoðenda. Sem fyrr, áskilur sveitarstjórn sér rétt til breytinga og frávika frá þessari áætlun, sem munu þá birtast sem viðaukar. Slík frávik koma alltaf upp, sérstaklega þegar óvissa um lykilþætti í rekstri er til staðar, líkt og hvað varðar grunnskólann. Engu að síður er þessi áætlun lýsandi fyrir stefnu og áherslur sveitarstjórnar Strandabyggðar 2024-2027.

Hólmavík 10.12.23

Þorgeir Pálsson

Oddviti